EdAge-Physio – Að mennta sjúkraþjálfara framtíðarinnar

Höfundur og flytjandi erindis: Steinunn A. Ólafsdóttir lektor við Námsbraut í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands

Með fjölgun eldra fólks og auknum lífslíkum vex þörf fyrir sjúkraþjálfara og annað heilbrigðisstarfsfólk sem hefur leikni og áhuga til að mæta fjölbreyttum þörfum eldra fólks. Rannsóknir á nemendum í heilbrigðisvísindum benda til að þekking á öldrun sé oft takmörkuð og áhugi á þessum starfsvettvangi lítill. Menntun og klínísk reynsla geta haft áhrif þar á.

EdAge-Physio er þriggja ára Erasmus+ samstarfsverkefni háskóla í Belgíu, Hollandi, Íslandi, Noregi og Portúgal. Markmið verkefnisins er að efla menntun um sjúkraþjálfun eldra fólks og stuðla að því að nemendur öðlist meiri þekkingu, hæfni, trú á eigin getu og áhuga á starfi með þessum hópi. Verkefnið er í samræmi við *Áratug Sameinuðu þjóðanna um heilbrigða öldrun* (2021–2030) þar sem meðal annars er lögð áhersla á að vinna gegn aldursfordómum, skapa aldursvænt umhverfi og tryggja aðgengi að langtímaþjónustu.

EdAge-Physio byggir á fjölþættri þarfagreiningu. Í fyrsta áfanga var unnin yfirlitsrannsókn á rannsóknum um hæfni, viðhorf og áhuga sjúkraþjálfunarnema og nýútskrifaðra sjúkraþjálfara til starfa með eldra fólki. Í framhaldinu voru svo tekin viðtöl við nemendur í öllum samstarfsháskólunum og nýútskrifaða sjúkraþjálfara í löndunum fimm. Að auki verða námskrár, hæfniviðmið og núverandi kennsluhættir samstarfsháskólanna kortlagðir og sjónarmið eldra fólks könnuð.

Niðurstöður þessarar vinnu verða nýttar til að þróa kennslufræðilega verkfærakistu með námsefni og kennsluaðferðum sem hægt verður að samþætta við núverandi námskeið í sjúkraþjálfun. Verkfærakistan verður síðar prófuð í samstarfsháskólunum og innleiðing hennar metin kerfisbundið.

Í erindinu verður EdAge-Physio verkefnið kynnt, gerð grein fyrir bakgrunni þess, uppbyggingu og kennslufræðilegri nálgun og fjallað um þá vinnu sem þegar hefur farið fram. Einnig verður rætt hvernig alþjóðlegt samstarf og þátttaka ólíkra hagaðila getur nýst við þróun kennslu sem undirbýr sjúkraþjálfunarnema fyrir breyttar þarfir samfélagsins.